

Rangárþing eystra
Guðmundur Úlfar Gíslason
Austurvegi 4
860 Hvolsvöllur

Reykjavík, 9. desember 2022
UST202212-006/B.S.
10.04.03

Efni: Deiliskipulag – Rimakot. Tengivirki. Umsögn

Vísað er til erindis Rangárþings eystra dags. 1. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda tillögu.

Hér er verið að festa í sessi mannvirki og landnýtingu sem þegar eru til staðar auk þess sem gert er ráð fyrir að byggt verði yfir tengivirki eins og gert er víðast til að tryggja betur rekstraröryggi.

Jákvætt er að farið er að huga að útliti þessara mannvirkja og aukin áhersla lögð á að mannvirkin falli að nánasta umhverfi eins og kostur er. Hér er einnig ráðgert að aðlaga mannvirki sem best að landi.

Umhverfisstofnun telur mjög jákvætt að hugað sé að ásýnd þessara mannvirkja. Bent skal sérstaklega á nýtt tengivirki á Hólasandi þar sem yfirbyggt tengivirki fellur einstaklega vel að nánasta umhverfi bæði hvað varðar lit og áferð á klæðningu sem er þeim sem að þessu komu til sóma.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við tillöguna.

Virðingarfyllst,

Björn Stefánsson,
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir,
sérfræðingur